



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Vesturbyggð, 22. október 2020

Efni: Grenndarkynning-Aðalstræti 118

Hér með boðar bæjarstjórn Vesturbyggðar til grenndarkynningar vegna skilgreiningar á leiksvæði við Aðalstræti 118 á Patreksfirði.

Grenndarkynning felst í því að nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að tjá sig um breytingar í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag.

Á 77. fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 15.10.2020 var fjallað um erindið.

Lagt fram erindi frá Gunnþórunn Bender f.h. íbúa á Björgunum á Patreksfirði, dags. 25. september 2020. Erindinu vísað til skipulags- og umhverfisráðs frá 905. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar sem haldinn var 30. september 2020. Í erindinu er óskað eftir aðstoð Vesturbyggðar við að útbúa leiksvæði í götunni enda hafi fjöldi barna aukist mikið undanfarin ár. Þá sé langt fyrir börn að ganga á næsta leiksvæði. Í erindinu er lagt til að leiksvæðið verði á lóð fyrir ofan Aðalstræti 118.

Bæjarráð tók jákvætt í erindið og fól sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og byggingafultrúa að vinna að nánari tillögu ásamt fulltrúum íbúa á Björgum.

Skipulags- og umhverfisráð tekur undir bókun bæjarráðs og tekur jákvætt í erindið. Ráðið felur skipulagsfulltrúa að undirbúa grenndarkynningu vegna leiksvæðisins.



Mynd 1. Afmörkun á leiksvæði við Aðalstræti 118.

Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur frá ætlaðri móttöku þessa bréfs, þ.e. til og með 12. nóvember 2020. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir áformunum.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vesturbyggðar eða í síma 450 2300 á opnunartíma skrifstofunnar, virka daga kl. 10-12.30 og 13-15. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið vesturbyggd@vesturbyggd.is.

Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni. <http://www.vesturbyggd.is>.

Athugasemdum má skila á vesturbyggd@vesturbyggd.is eða í bréfpósti, þá merkt:

**Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Vesturbyggð**

Athugasemdum skal skila inn fyrir 12. nóvember 2020.